



# Lítill og fyndin frávik

● Klængur Gunnarsson sýnir í D-sal ● Grjótkörfuveggur í Gautaborg verður að persónu í þriggja rása vídeóverki ● „Fáránleiki hversdagsins hefur alltaf verið mér hugleikinn,“ segir Klængur

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Klængur Gunnarsson opnar í dag sýninguna *Krókótt* í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi en sýningarstjóri er Edda Halldórsdóttir. Klængur er 42. listamaðurinn til að sýna í sýningaröð safnsins í þessum sal, fæddur árið 1985 og býr nú og starfar í Gautaborg í Svíþjóð. Klængur nam myndlist við Listaháskóla Íslands, var skiptinemi við ljósmyndadeild Hochschule für Grafik und Buchkunst í Leipzig í Þýskalandi og stundaði framhaldsnám í Akademin Valand í Gautaborg í Svíþjóð og útskrifaðist úr því árið 2019.

„Með samsnúningi af heimildagerð og skáldskap reynir Klængur að ná fram hlykkjóttu sjónarhorni á hversdagslega atburði og athafnir. Þaðan vill hann vekja upp spurningar hjá áhorfendum sem snúa meðal annars að mikilvægi þess að staldra við í hringrás daglegs lífs,“ segir um listamanninn í tilkynningu og að dagleg skrásetning hversdagsleikans í nánasta umhverfi leiði af sér frekari úrvinnslu þar sem listamaðurinn endurgeri raunverulega atburði eða setji þá á svið með skáldlegum hætti. Þessi skrásetning fari fram með ýmsum hætti og þá til dæmis með ljósmyndun eða textagerð en úrvinnsla fari fram í gegnum kvikmyndaverk og innsetningar.

## Býr sér til ramma

Klængur ræddi í byrjun viku við blaðamann en þá var sýningin ekki komin upp í salnum og listamaðurinn því beðinn um að lýsa því sem fyrir augu ber nú þegar sýningin er tilbúin. „Ég hef síðustu þrjú ár verið að vinna með staði í borgarumhverfinu sem mér finnst stínga svolítið í stúf. Þegar maður og náttúra ná ekki alveg að passa saman og þetta er eiginlega þriðja verkið sem ég finn á þennan hátt. Ég bý til einhvern ramma sem ég



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Nr. 42** Sýningaröðin í D-sal hóf göngu sína árið 2007. Í henni er listamönnum sem hafa mótaði áhrif á íslenska myndlistarsenu boðið að halda sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni. Klængur er 42. listamaðurinn sem sýnir.



**Grjótkörfuveggir** Stilla úr verki Klængs sem sjá má í D-sal Hafnarhúss.

vinn innan í, hvort heldur er lengd borgarumhverfisins eða eitthvað annað,“ útskýrir Klængur. Hann segist hafa tekið upp verkið í D-salnum í Gautaborg þar sem hann

býr og starfar. „Þegar ég var að byrja að vinna þetta ákvað ég að hljóla eins langt og ég gæti, fram og til baka, á rafmagnshjólínu mínu sem drífur x kílómetra. Það er

byrjunarreitur og svo finn ég eitt-hvað innan þessa ramma og í þetta skiptið var það nýbyggt hverfi innan Gautaborgar sem er rammað inn af járnkörfuvegg á ákveðinn hátt. Þetta virkar eins og hálfgerð virki,“ útskýrir Klængur en veggina kannast Reykvíkingar við, til dæmis er einn sem skilur að Klambatún og Miklubraut en slíkir veggir eru hér kallaðir grjótkörfuveggir, vírvirki sem fyllt er með grjóti. „Þessi veggur vakti athygli mína og ég ákvað að vinna þarna,“ heldur Klængur áfram, „og ég vinn yfirleitt úti við og mikið á ákveðnum stað. Það er mikil endurtekning, ég fer á staðinn og mynda og mynda með vídeóvél og reyni að komast að því hvað þessi staður er og hvað hann getur sagt um sjálfan sig, á einhvern hátt. Svo spinnst kannski út frá þessu einhver veruleiki af því að ég þekki ekkert fólk-íð sem á heima þarna en þessi veggur er sögupersóna í verkinu.

Þetta er þriggja rása vídeóverk, hvert vídeó er 2-4 mínútur að lengd og veggurinn sjálfur er sögumaður. Hann er karakter sem er í einhvers konar leit, leit að því að skilja hversdagsleikann og hvað það er að vera staður. Að skilja fólkíð sem er í kringum hann.“

## Smávægilegt og spaugilegt

Klængur segir að til að fá líf í verkið hafi hann bætt við annarri vinnuaðferð sem hann noti mikið. Hann reyni að hafa augun opin fyrir litlum breytum í hversdagsleiknum, einhverju sem virðist smávægilegt en þó spaugilegt. Stundum séu þetta hljóð, stundum texti, einhver lítill og fyndin frávik. „Í þessu verki er til dæmis maður að hjóla niður brekku við þetta virki og hann er í allt of stórum fötum, vindbuxum og vindjakka þannig að hann blæs upp eins og segl. Þetta sá ég annars staðar, gaur að fara á fullu niður göngustíg og svo blés hann upp. Ég endurgeri þrjú svona svipuð augnablik á staðnum, í raun mjög líkt því sem var í raunveruleikanum,“ útskýrir Klængur. Í endurgerðinni reyni hann að endurskapa augnablikið eins nákvæmlega og hann geti. „Fáránleiki hversdagsins hefur alltaf verið mér hugleikinn og mér finnst það fyndið. Það er mikilvægt að horfa á hversdagslegar athafnir kómískum augum. Húmorinn er leið til að skilja heiminn í kringum sig.“

Titill sýningarinnar vísar bæði til krókaleidarinnar sem Klængur hjólaði á rafhjólínu sínu og hinna endursköpuðu augnablika. „Þessa litlu króka sem fólk lendir í eða býr til sjálft,“ útskýrir Klængur.

Sýningin verður opin gestum í D-sal frá og með deginum í dag, 28. janúar, en vegna samkomutakmarkana verður ekki um hefðbundna sýningaropnun að ræða. Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi er opið alla daga vikunnar kl. 10-17 og til kl. 22 á fimmtudögum.